



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 8. janúar 2016

USK2016010015

5.4

Borgarráð

### *Grensásvegur.*

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við endurnýjun á Grensásvegi sunnan Miklubrautar ásamt gerð nýrra hjólastíga. Verkið er hluti af verkefnum hjólreiðaáætlunar 2016.

Kostnaðaráætlun 2 vegna framkvæmdanna er 170 mkr. Áætlað er að framkvæmdir geti hafist í mars nk. og verði lokið í ágúst.

Greinargerð:

Yfirborð götu og gönguleiða verður lagfært og endurnýjað að hluta. Komið verður fyrir nýrri götulýsingu beggja vegna götunnar. Ný gangbrautaljós verða sett upp á móts við Heiðargerði. Akreinum verður fækkað úr tveimur niður í eina í hvora átt. Komið verður fyrir gróðri í miðeyju og meðfram götu.

Nýir hjólastígar verða lagðir samhliða götu beggja vegna.

Kostnaðarstaðir: 3106

Kostnaðaráætlun 1: 160 mkr.

Kostnaðaráætlun 2: 170 mkr.

Breyting frá Kostnaðaráætlun 1 er vegna aukins umfangs lagfæringa á núverandi götu.

Áfallinn kostnaður: 20,2 mkr.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:  
Kynning







Grensásvegur er skilgreind borgargata í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Lögð er sérstök áhersla á að bæta umhverfi borgargatna, skapa heildstæða götumynd og tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta.

Aðalskipulagið leggur áherslu á að efla vistvænar samgöngur og stemma stigu við aukningu bílaumferðar.



Í hjólréiðaáætlun Reykjavíkur fyrir árin 2015-2020 er stefnt að uppbyggingu á um 30 km af hjólastígum.

Áætlunin gerir ráð fyrir hjólastígum við Grensásveg og er það liður í þéttingu hjólaleiða innan borgarinnar.

Stígarnir eru tenging við stofnstígakerfi borgarinnar og uppbyggingu þess eins og Aðalskipulag gerir ráð fyrir.








# LÝSING FRAMKVÆMDAR

- Fækkun akreina; ein akrein í stað tveggja í hvora átt
- Gróður í miðeyju og meðfram götu
- Ný og lægri götulýsing, báðum megin götu
- Hjólastígar samsíða götu báðum megin, nema við biðstöðvar strætó þar sem er hjólarein
- Strætó víkur inn á hjólreinina þegar hann stöðvar við biðstöðvar
- Lágur kantsteinn (7 cm) nema við biðstöðvar strætó (15 cm)
- Gangbrautarljós við Breiðagerði (núverandi) og Heiðargerði (ný)





# ÞVERSNID Í GÖTU



- Ein akrein í hvora átt
- Göngu- og hjólástígar beggja megin götu
- Gróðursvæði í miðeyju og meðfram götu þar sem því verður viðkomið

Áætlað er að framkvæmdir geti hafist í mars og ljúki í ágúst



## Kostnaðaráætlun 2

Verkþáttur	millj.kr
Aðstæður á vinnusvæði o.fl.	10
Rif núverandi yfirborðs	14
Jarðvinna	10
Yfirborðsfrágangur	89
Veitur (hluti Reykjavíkurborgar)	17
<b>Framkvæmdakostnaður</b>	<b>140</b>
Hönnun, umsjón og eftirlit	24
Annað	6
<b>Áætlaður heildarkostnaður</b>	<b>170</b>

Óvissa áætlunar er talin vera á bilinu -5% til +15%







Núverandi ástand  
Grensásvegur við Breiðagerði







Að framkvæmdum loknum  
Grensásvegur við Breiðagerði







Núverandi ástand  
Grensásvegur við Heiðargerði







Að loknum framkvæmdum  
Grensásvegur við Heiðargerði



UMHVERFIS- OG SKIPLAGSSVIÐ  
**Grensásvegur sunnan Miklubrautar**





Núverandi ástand



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ  
**Grensásvegur sunnan Miklubrautar**





Að loknum framkvæmdum



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ  
**Grensásvegur sunnan Miklubrautar**



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

**TAKK FYRIR**



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

Grensásvegur sunnan Miklubrautar